

Húnaþing vestra  
Bogí Kristinsson Magnusen  
Hvammstangabraut 5  
530 Hvammstangi

Reykjavík, 10. maí 2023  
UST202305-031/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 vegna íbúðarbyggðar á Hvammstanga**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Húnaþingi vestra er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um á breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 fyrir Hvammstanga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að reitur ÍB-9 við Lindarveg verður stækkaður, en svæði sem áður var skilgreint sem F1 verður fellt niður. ÍB-9 verður eftir stækkun 2,2 ha og við reitinn bætast sjö lóðir.

Auk þess mun íbúðarsvæði ÍB-7 stækka til norðurs í átt að ÍB-6 Eyri. Stækkunin mun nema um 2 ha og verður hægt að koma fyrir 4 lóðum til viðbótar.

Íbúðarsvæði ÍB-6 mun stækka til norðurs og ná yfir svæði sem í dag er skilgreint sem athafnasvæði AT-3. Við það mun svæðið stækka um 1 ha og verður eftir stækkun um 2 ha.

Reitur ÍB-1 mun stækka um 0,22 ha í 11,5. Reitir VP-2 er felldur út.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi lýsingu skipulagsins dags. 12. janúar sl.

#### **Afmörkun og aðgengi**

Umhverfisstofnunin bendir á mikilvægi þess að við gerð tillögunnar sé hugað að aðgengi gangandi og hjólandi frá íbúðarsvæðum ÍB-6 og ÍB-7 að verslun, þjónustu og skólum í þéttbýlinu. Auk þess er mikilvægt að tryggt sé aðgengi almennings til útivistar meðfram strandlengjunni.

#### **Iðnaðarsvæði**

Umhverfisstofnun bendir á að tveir íbúðareitir liggja að iðnaðarsvæðum. Íbúðareitur ÍB-6 liggur að I-3 og ÍB-2 liggur að I-2. Því þarf að mati stofnunarinnar að setja skýra lýsingu/skilmála fyrir iðnaðarsvæðin í aðalskipulagi og í breytingu á deiliskipulagi þar sem að ýmiskonar iðnaðarstarfsemi getur valdið mengun sem getur haft áhrif á heilsu íbúa. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er iðnaðarsvæði skilgreint sem svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo

sem verksmiðjur, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Kemur ofangreint einnig fram í greinargerð aðalskipulagsins á bls. 64

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**